

35. fundur Heilbrigðisnefndar Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness

Dagsetning: 7.7.2025

Fundartími: 16:30 – 18:30

Mætt til fundar:

Svanur Karl Grjetarsson formaður

Bjarni Ingimarsson aðalmaður

Linda Hrönn Þórisdóttir aðalmaður

Hannes Tryggvi Hafstein aðalmaður

Ingibjörg Hauksdóttir aðalmaður

Gnýr Guðmundsson aðalmaður

Starfsmenn fundarins:

Hörður Þorsteinsson framkvæmdastjóri

Anna Birna Björnsdóttir deildarstjóri matvæla

Árni Davíðsson deildarstjóri hollustuhátta

Dagskrá fundarins:

1. Dagskrárliður: Heiðmörk - Lýsing á deiliskipulagi

Deiliskipulagslýsingin fjallar um nýtt deiliskipulag Heiðmerkur innan Reykjavíkur ásamt breytingum á skipulagi fyrir Rauðhólasvæðið, en þar liggur nú þegar fyrir deiliskipulag. Lengi hefur verið unnið að deiliskipulagi fyrir Heiðmörk eða allt frá árinu 2010. Heiðmörk er um 3200 ha að Rauðhólum meðtöldum, þ.e. það svæði sem er innan borgarmarka Reykjavíkur og það svæði sem er til umfjöllunar í lýsingunni. Leiðarljós með gerð deiliskipulags fyrir Heiðmörk er að tryggja öryggi og óbreytt gæði grunnvatns til langrar framtíðar og að svæðið nýtist áfram til útivistar í sátt við vatnsvernd.

Heilbrigðiseftirlit Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness ítrekar mikilvægi vatnsverndar á deiliskipulagssvæðinu og leggur áherslu á að ekki verið vikið frá þeim mikilvægu markmiðum sem fram koma í samþykktum um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu, um að tryggja verndun grunnvatns á vatnsverndarsvæðum höfuðborgarsvæðisins. Útvíkkun byggðar og fjölgun íbúa hefur aukið álag á vatnsból auk þess sem mikil aukning hefur verið í að skipuleggja viðburði og uppákomur á svæðinu. Skipulagsgerð á svæðinu þarf að taka mið af hvar hægt er að koma því við með þeim hætti að slík starfsemi sé á jaðri svæðanna og að fylgt sé þeim öryggiskröfum sem gerðar eru til slíkrar starfsemi. Heiðmörk gegnir mikilvægu hlutverki sem útivistarparadís höfuðborgarsvæðisins, ekki síst á grundvelli skógræktar á svæðinu sem hefur bætt landsvæði til útivistar og fegrað umhverfið. Skógrækt á vatnsverndarsvæðum stuðlar að verndun viðkomandi svæða og kemur í veg fyrir sótt er í svæðið undir byggð eða aðra uppbyggingu. Það er því mikilvægt að viðhalda góðu samstarfi skógræktar og vatnsverndar til framtíðar.

Heilbrigðisnefnd staðfestir umsögnina.

2. Dagskrárliður: Miðbær Garðabæjar - Garðatorg svæði II, kynning á vinnslustigi

Kynning deiliskipulagstillögunnar nær til lóðanna Garðatorgs 1 (Bónus og Hönnunarsafn), Garðatorgs 5A (yfirbyggð göngugata) og Hrísmóa 19 (bílastæðalóð). Gert er ráð fyrir um 60 íbúðum í 6 hæða

nýbyggingu í norðurhluta byggingarreits, með atvinnuhúsnæði á jarðhæð Garðatorgs 1 og á suðurhluta byggingareits er gert ráð fyrir 4 hæða atvinnuhúsnæði.

Heilbrigðiseftirlitið gerir ekki athugasemdir við tillöguna. Vekur þó athygli á að koma þarf fram í skipulagi skýr skilyrði varðandi hljóðvistarkröfur sem gerðar eru til atvinnurekstrarrýma, þannig að hljóðvist sé í samræmi við reglugerð um hávaða og annað ónæði valdi íbúum ekki ama. Þá vekur heilbrigðiseftirlitið athygli á að kröfur sé gerðar til nýbygginga sem tengjast eldri byggingum að reyklosun sé með þeim hætti að lykt eða útloftun hafi ekki áhrif á nærliggjandi íbúðar- eða atvinnurými. Þá leggur heilbrigðiseftirlitið áherslu á að gerð verði skýr krafa í deiliskipulagi um að við allar framkvæmdir skuli þess sérstaklega gætt að ónæði verði sem minnst af völdum hávaða og skýr tímamörk séu um upphaf og lok framkvæmda.

Heilbrigðisnefnd staðfestir umsögnina.

3. Dagskrárliður: Vetrarmýri og Smalaholt, Garðabæ, deiliskipulag

Tillagan fjallar um golfvöll í Vetrarmýri, íþróttahæfingasvæði við Miðgarð, útivistarskóg í Smalaholti og náttúrugarð við Vífilstaðavatn. Einnig fjallar skipulaglagið um umferðarmál á svæðinu og fest er lega framlengds Vífilstaðavegar, Flóttamannavegar og Elliðavatnsvegur í breytttri legur. Fjallað er sérstaklega um umferðartengingar úr Hnoðraholti í Leirdalsop, þ.e. Vorbraut við Þorrasali. Sá kafla vegarins er tekinn út úr deiliskipulagi Hnoðrahólts norður og færður inn í deiliskipulagi það sem hér um ræðir. Leiðbeinandi lega stíga er ákvörðuð sem og staðsetning nýrra undirganga við Vífilstaðavatn.

Heilbrigðiseftirlitið hefur kynnt sér tillöguna og gerir ekki athugasemdir, en vekur athygli á ábendingum sem fram komu í umsögn á kynningarstigi tillögunnar. Þá vekur heilbrigðiseftirlitið athygli á að samkvæmt tillögunni er gert ráð fyrir að Elliðavatnsvegur og Flóttamannavegur verði færðir og endurhannaðir með tilliti til öryggisástæðna, en einnig fjær Vífilstaðavatni. Heilbrigðiseftirlitið fagnar þeim fyrirætlunum, en heilbrigðiseftirlitið hefur áður gert athugasemd við aukna umferð um Flóttamannaveg og mikilvægi þess að tryggð skuli viðunandi hljóðvist við útivistarsvæði eins og í Vífilstaðahrauni og við Vífilstaðavatn. Heilbrigðiseftirlit vekur athygli á að við hönnun ofanvatnslausna sé hugað að því að blágrænar ofanvatnslausnir eru jafnframt hugsaðar til að sía vatnið í gegnum gegn dræpt yfirborð og niður í jarðvegin og halda því sem mest í náttúrulegri hringrás. Þá vekur heilbrigðiseftirlitið athygli á að gert er ráð fyrir tveimur æfingavöllum fyrir knattspyrnu í fullri stærð með flóðlýsingu þar sem gert er ráð fyrir allt að 21 metra háum lýsingarmöstrum. Mikilvægt er að við hönnun þeirrar lýsingar, sé það tryggt að nærliggjandi íbúðasvæði verði ekki fyrir óæskilegri ljósmengun.

Heilbrigðisnefnd staðfestir umsögnina.

4. Dagskrárliður: Breyting á deiliskipulagi Kapelluhrauns 2. áfanga

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti þann 09.04.2025 að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi 2. áfanga Kapelluhrauns samhliða breytingu á 1. áfanga Kapelluhrauns í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Veruleg breyting verður á deiliskipulagi til að heimila stækkun iðnaðarsvæðisins Kapelluhrauns 2. áfanga og búa til svæði fyrir 62 atvinnulóða með stórum byggingarreitum. Stærð lóða er á bilinu 2.000 m² til 47.000 m².

Heilbrigðiseftirlitið gerir ekki athugasemdir við breytingu á deiliskipulaginu en vekur athygli á eftirfarandi atriðum. Ekki er gerð grein fyrir gerð skólp- eða ofanvatnsfráveitu né legu lagna í skilmálum deiliskipulagsins. Mikilvægt er að hugað sé að þeim málum og gerðar kröfur um varnir gegn mengun í samræmi við ákvæði laga og reglugerða og má þar sérstaklega nefna reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Í samræmi við aðalskipulag eru allar lóðir á skipulagssvæðinu Kapelluhrauni 2. áfanga í landnýtingarflokki I4 og innan varúðarsvæðis VA1 frá álverinu í Straumsvík. Samkvæmt því skipulagi er gert ráð fyrir takmörkun á notkun bygginga á svæðinu sem felast í að viðkvæm starfsemi

21
WBP
B.I.
SKC

s.s. matvælastarfsemi og sambærileg starfsemi, búseta eða tímabundin gisting er ekki heimiluð á varúðarsvæði. Mikilvægt er að það séu skýr ákvæði í deiliskipulaginu varðandi þessi atriði.

Heilbrigðisnefnd staðfestir umsögnina.

5. Dagskrárliður: Arnarnesvegur, Fífuhvammsvegur að Rjúpnavegi skipulagslýsing

Bæjarstjórn Kópavogs samþykkti þann 29. apríl 2025 lýsingu fyrir gerð deiliskipulags fyrir Arnarnesveg í samræmi við 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Í undirbúningi er að gera deiliskipulög fyrir tvo vegkafla Arnarnesvegar. Annars vegar fyrir um 1,6 km kafla milli Hafnarfjarðarvegar og Reykjanesbrautar innan Garðabæjar og Kópavogs (mál nr. 660/2025), og hins vegar fyrir um 1,1 km kafla frá Fífuhvammsvegi að Rjúpnavegi innan Kópavogs (mál nr. 717/2025).

Heilbrigðiseftirlitið hefur kynnt sér lýsinguna og gerir ekki athugasemdir. Þó er vakin athygli á að skoða eigi áhrif deiliskipulagsins á loftgæði. Í því sambandi má taka fram að Heilbrigðiseftirlitið rekur loftgæðastöð í Dalsmára og við Hörðuvallaskóla. Í lýsingunni er ekki fjallað um ofanvatn og hefur það gefist vel að leiða ofanvatn í gegnum olíuskilju þar sem hætta er á mengun í viðkvæman viðtaka og eins er rétt að skoða hvort mögulegt sé eða æskilegt að hreinsa ofanvatn frá Arnarnesvegi í setlónum áður en því er veitt í viðtaka.

Heilbrigðisnefnd staðfestir umsögnina.

6. Dagskrárliður: Arnarnesvegur, milli Hafnarfjarðarvegar og Reykjanesbrautar - skipulagslýsing

Bæjarstjórn Kópavogs og bæjarstjórn Garðabæjar, samþykkti lýsingu fyrir gerð deiliskipulags fyrir Arnarnesveg í samræmi við 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Í undirbúningi er að gera deiliskipulög fyrir tvo vegkafla Arnarnesvegar. Annars vegar fyrir um 1,6 km kafla milli Hafnarfjarðarvegar og Reykjanesbrautar innan Garðabæjar og Kópavogs (mál nr. 660/2025), og hins vegar fyrir um 1,1 km kafla frá Fífuhvammsvegi að Rjúpnavegi innan Kópavogs (mál nr. 717/2025).

Í lýsingu fyrir kaflann frá Hafnarfjarðarvegi að Reykjanesbraut kemur fram að betur verður gerð grein fyrir fyrirkomulagi vega, gatna, stíga, mana og almenningssamgöngum í deiliskipulagstillögu. Þar verður einnig umfjöllun um valkosti, sem voru til skoðunar fyrir útfærslu gatnamóta og áfangaskiptingu framkvæmda. Helsti farartálminn á leið gangandi og hjólandi er Reykjanesbrautin og þyrfti í deiliskipulagi að skoða hvaða lausnir eru mögulegar til að koma umferð gangandi og hjólandi samsíða Arnarnesvegi yfir Reykjanesbrautina. Þegar vegurinn verður núna tvöfaldaður gefst tækifæri til að huga að aðskilnaði gangandi og hjólandi vegfarenda á þessum kafla og að stígar verði uppfærðir miðað við núverandi hönnunarviðmið.

Heilbrigðisnefnd staðfestir umsögnina.

7. Dagskrárliður: Umsögn um breytingar á reglugerð um hávaða

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið leggur til breytingar á reglugerð um hávaða, nr. 724/2008. Breytingunum er ætlað að ná betur til ákveðinnar starfsemi, auk þess sem reglugerðin hefur verið endurskoðuð í samræmi við breyttar aðstæður. Reglugerðarbreytingin byggir á tillögu sérfræðingahóps sem í áttu sæti sérfræðingar frá Umhverfisstofnun og heilbrigðiseftirliti. Við nánari vinnslu tillagnanna hefur ráðuneytið haft samráð við tiltekna hagaðila og m.a. tekið mið af sænskum reglum. Markmið reglna um hávaða er að vernda heilsu manna fyrir skaðlegum áhrifum af völdum hávaða.

Heilbrigðiseftirlitið hefur skilað inn umsögn um drögin og m.a. bent á að það væri til bóta ef reglugerðardrögum myndi fylgja skýr greinargerð þar sem sjónarmið löggjafans eru útskýrð og sem geta orðið framkvæmdarvaldinu leiðsögn um túlkun reglugerða. Þá er óskað eftir skýrari leiðbeiningum um hversu viðtækt hugtakið "Útivistarsvæði" næði til auk þess sem vakin er athygli á að vegna aukinnar umferðar frá Reykjavíkurlugvelli og hávaðakvartana frá velli, þyrfti skýrar heimildir eftirlitsaðila til að fara fram á að rekstraraðilar komi fyrir síritunarbúnaði til að kortleggja hljóðvist í næsta nágrenni vallarins.

B.I. LARAP SKL

Heilbrigðisnefnd tekur undir þær ábendingar sem fram koma í umsögn heilbrigðiseftirlits.

8. Dagskrárliður: Umsögn um frumvarp til laga um varnir gegn tóbaki og nikótíni (heildarlög)

Lagt hefur verið fram í samráðsgátt tillaga/áform heilbrigðisráðuneytisins um frumvarp til laga um varnir gegn tóbaki og nikótíni. Um er að ræða áform um að sameina ákvæði laga um tóbaksvarnir nr. 6/2002 og ákvæði laga um nikótínvörur, rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur nr. 87/2018 í eina heildarlöggjöf um varnir gegn tóbaks- og nikótínvörum. Með frumvarpinu er stefnt að því markmiði að draga úr notkun tóbaks- og nikótíni, sérstaklega meðal ungmenna.

HEF hefur tekið saman umsögn um málið og tekur undir mikilvægi þess að starfsleyfi og eftirlit með þessum vörum sé í einni heildstæðri löggjöf.

Heilbrigðisnefnd tekur undir bókun heilbrigðiseftirlits.

9. Dagskrárliður: Tíðni eftirlits með leiksvæðum í Kópavogi - stjórnarsýslukæra

Í framhaldi af svari HEF vegna óskar BSI á Íslandi um rökstuðning fyrir þeirri ákvörðun heilbrigðiseftirlits að heimila Kópavogsbæ að lækka eftirlitstíðni á leiksvæðum hefur BSI á Íslandi kært þá ákvörðun heilbrigðisnefndar. Því var hafnað af heilbrigðisnefnd að afturkalla ákvörðunina eða að málið yrði tekið upp að nýju vegna meintra annmarka og barst Úrskurðarnefnd Umhverfis- og auðlindamála erindi dags. 5. júní sl., um að BSI á Íslandi ehf. kærdi þá ákvörðun heilbrigðisnefndar sem tekin var á fundi nefndarinnar 28. apríl sl. að breyta tíðni aðalskoðana leiksvæða í Kópavogsbæ frá því að vera árlega í að vera þriðja hvert ár. Frestur til að leggja fram gögn og greinargerð í málinu var veittur til 5. júlí 2025. Heilbrigðiseftirlitið svaraði erindi BSI á Íslandi og samhljóða erindi sem barst frá Samtökum verslunar og þjónustu fyrir hönd BSI á Íslandi með bréfi dags. 28. maí sl. þar sem farið var ítarlega yfir þær forsendur sem lágu til grundvallar ákvörðun heilbrigðisnefndar. Með hliðsjón af reynslu heilbrigðiseftirlits á innra eftirliti Kópavogsbæjar með leiksvæðum og áreiðanleika sveitarfélagsins við úrbætur á frávikum, þá metur heilbrigðiseftirlitið sem svo að skilyrði 4. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 1025/2022 séu uppfyllt og umrædd tíðni aðalskoðana stuðli með nægjanlegum hætti að markmiðum reglugerðar nr. 1025/2022. Heilbrigðiseftirlitið hefur tekið saman gögn málsins og lagt fram greinargerð þar sem afstaða heilbrigðiseftirlits er ítrekuð.

Heilbrigðisnefnd hefur kynnt sér gögn málsins og leggur niðurstöðu málsins í hendur Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála.

Hannes Tryggvi Hafstein, vék af fundi, þar sem hann þurfti að mæta á annan fund.

10. Dagskrárliður: Kvörtun á afgreiðslu heilbrigðiseftirlits á umsókn Kjútís ehf.

Lagt fram erindi Marenar Albertsdóttur lögmanns f.h. Kjútís ehf. kt. 510221-0870, Bæjarlind 1-3 í Kópavogi. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við þau skilyrði sem fram koma í starfsleyfisdrögum og þær breytingar frá áður útgefnum starfsleyfum fyrir sömu starfsemi eigsér ekki lagastoð og séu ekki í samræmi við lög. Þá gerir fyrirtækið einnig athugasemdir við að með fullyrðingum sem settar eru fram af hálfu HEF, um að starfsemin brjóti gegn áfengislögum, hafi eftirlitið farið út fyrir valdmörk sín og verksvið lögum samkvæmt. Krafa fyrirtækisins er starfsleyfisdrögnum verði breytt áður en leyfið er gefið út og að gildissvið starfsleyfisins nái ekki til þess hluta starfseminnar sem felst í því að geyma og afhenda matvæli fyrir hönd annarra aðila. Þá fer Kjútís ehf. fram á að ekki verði tilgreint það skilyrði að einungis megigeyma og afgreiða matvæli fyrir hönd aðila sem hafa gilt starfsleyfi fyrir markaðssetningu matvæla. Þá er gerð sú krafa að ef ekki verði fallist á kröfur fyrirtækisins að formleg ákvörðun verði tekin í málinu þannig að félagið geti látið reyna á réttmæti þess í kærumáli og eftir atvikum fyrir dómstólum.

[Handwritten signatures and initials in blue ink, including 'JH', 'SKK', and 'BI']

Farið var yfir þau álitamál sem fram komu í erindi Kjútis ehf. og þau rædd. Þá kemur fram að fyrirtækið kvartar að starfsleyfisumsókn hafi verið til meðferðar í næstum ár, þá er rétt að nefna að jákvætt svar byggingarfulltrúa um að húsnæði fyrirtækisins að Bæjarlind 3 í Kópavogi væri í samræmi við fyrirhugaða starfsemi, barst HEF dags. 19. maí 2025 auk þess sem umtalsverð samskipti hafa verið milli eftirlitsins og fyrirtækisins um fyrirkomulag og umfang þeirrar starfsemi sem fyrirtækið er með.

Heilbrigðisnefnd hefur farið yfir gögn málsins, athugasemdir fyrirtækisins sem fram koma í erindi þeirra dags. 6. júní 2025 og önnur þau gögn er málið varðar. Heilbrigðisnefnd telur mikilvægt að útgáfa starfsleyfis sé í samræmi við lög og reglugerðir um matvæli. Í kafla VIII í lögum um matvæli nr. 93/1995 kemur fram að framleiðsla og dreifing matvæla er háð leyfi heilbrigðisnefndar skv. 9. gr. sömu laga. Ágreiningur er um forsendur í gildissviði starfsleyfisins, þar sem leyfið tekur til að gildissvið starfseminnar nái til geymslu og dreifingu drykkjarvöru fyrir hönd annarra aðila (vöruhótel) sbr. reglugerð nr. 103/2010 um gildistöku reglugerðar ESB nr. 852/2004 um hollustuhætti er varða matvæli. Samkvæmt upplýsingum Kjútis ehf. og rannsókn HEF, liggur fyrir að fyrirtækið geymir og dreifir drykkjavöru fyrir hönd annarra aðila, það er því eðlilegt að gildissvið starfsleyfis nái yfir þá starfsemi sem fyrirtækið hefur með höndum. Varðandi þá almennu kröfu að þeir aðilar sem nýta þjónustu Kjútis ehf. til að geyma eða afgreiða drykkjavöru hafi gilt starfsleyfi, þá kemur fram í 9. gr. laga nr. 93/1995 að öll matvæla-fyrirtæki skulu hafa starfsleyfi frá opinberum eftirlitsaðila og því eðlileg krafa í starfsleyfi.

11. Dagskrárliður: Skógræktarfélag Reykjavíkur, afrit af erindi til sveitarstjóra á höfuðborgarsvæðinu
Lagt fram afrit af erindi Skógræktarfélags Reykjavíkur dags. 20. júní sl. þar sem félagið fer fram á skýrra afstöðu sveitarstjóra á höfuðborgarsvæðinu til framtíðarskipanar vatntöku í Heiðmörk. Í erindi þeirra eru færð rök fyrir því að óþarfi sé að stækka girðingu við Myllulækjartjörn, þar sem öruggara sé að sækja vatnið ofar í grunnvatnsstraumnum, þar sem hvorki er hætt á yfirborðsmengun né þörf á að geisla neysluvatn.

Heilbrigðisnefnd tekur erindið til umræðu á þeim grundvelli að samþykktir um verndarsvæði vatnsbóla höfuðborgarsvæðisins eru sameiginlegar fyrir öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu. Jafnframt liggja saman verndarsvæði vatnsbóla Kópavogs og Hafnarfjarðar sameiginleg með verndarsvæðum vatnsbóla Reykvíkinga.

Heilbrigðisnefnd leggur áherslu á að hvergi verði vikið frá kröfum um það markmið samþykktu um verndarsvæði vatnsbóla innan lögsagnarumdæma höfuðborgarinnar, að gæði neysluvatns á vatnstökustað uppfylli ávallt kröfur sem gerðar eru í gildandi löggjöf um neysluvatn, þannig að gæði neysluvatns á höfuðborgarsvæðinu til framtíðar verði tryggt. Í samþykktum um verndarsvæði vatnsbóla kemur fram að brunnsvæði skuli algjörlega friðuð fyrir óviðkomandi umferð, framkvæmdum og starfsemi annarri en þeirri sem nauðsynleg er vegna vatnsveitu. Jafnframt kemur fram að vatnsból og mannvirki þeim tengd skulu afmörkuð með girðingu eða öryggi tryggðu á jafngildan hátt. Það er því eðlileg krafa Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur að farið sé eftir þeim ákvæðum sem koma fram í samþykktinni. Engu að síður er hægt að fullyrða að skógrækt og vatnsvernd fari vel saman og hefur samstarf skógræktar við veitufyrirtækin á svæðinu verið góð. Heiðmörk hefur í tímana rás orðið mikilvægur útivistarstaður fyrir íbúa höfuðborgarsvæðisins og því mikilvægt að áfram verði hlúið að því samstarfi. Það er mikilvægt að færslur stiga takist vel og að tryggð verði samfella í leiðarkerfi þannig að þeir sem nýta svæðið geti gert það áfram. Heilbrigðisnefnd tekur ekki afstöðu til þeirrar tillögu um að leggja af vatnstöku í Jaðri, Gvendarbrunnum og Myllulæk og auka vatnstöku á efra svæðið þ.e. Vatnsendakrika, en vekur athygli á að aukin vatnstaka þar hefur t.d. áhrif á vatnstöku í Kaldárbotnum og því að mörgu að hyggja ef færa þarf vatnstökustaði á svæðinu. Heilbrigðisnefnd leggur áherslu á að hugað verði að varavatnsbóli fyrir höfuðborgarsvæðið og samtenging vatnsveitna verði tryggð, til að mæta ófyrirsjáanlegri mengun, s.s. vegna eldhræringa, öskufalls eða annarra óvæntra atburða.

20
B.I. 
WABP skt

12. Dagskrárliður: Beiting þvingunarúrræða samkvæmt reglugerð nr.903/2024 um hollustuhætti
 Í ljósi úrskurðar Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála frá dags. 2. maí sl. þar sem bent er á ákvæði reglugerðar í 6. mgr. 44. gr. reglugerðar nr. 903/2024 um hollustuhætti, um að það sé einungis í höndum heilbrigðisnefndar að knýja á um framkvæmd ráðstöfunar við framsal eftirlits og annað sem varðar valdsvið og þvingunarúrræði, er lagt til að heilbrigðisnefnd staðfesti fyrirhuguð þvingunarúrræði á eftirtalin fyrirtæki sem ekki hafa sinnt tilmælum heilbrigðiseftirlits um skráningu eða umsókn um starfsleyfi. Jafnframt er óskað staðfestingar á fyrirhuguðum þvingunarúrræðum gagnvart þeim fyrirtækjum sem ekki hafa uppfyllt ákvæði laga um að húsnæði uppfylli skilyrði byggingarfulltrúa er varðar ákvæði er fram koma í 17. gr. reglugerðar nr.903/2024 um hollustuhætti og að starfsemi sé í samræmi við samþykktar teikningar og ákvæði byggingarreglugerðar.
 Fyrirhugað er að tilkynna eftirtöldum fyrirtækjum að starfsemi þeirra verði stöðvuð, ef ekki verði brugðist við kröfu um skráningu eða að þau uppfylli kröfu um að húsnæði þess sé í samræmi við ákvæði byggingarreglugerðar. Fyrirtæki án skráningar eða starfsleyfis;

Hjá Smára Hólm ehf. kt.640815-0270, Suðurhelli 12, Hafnarfirði
 PS handverk ehf. kt.451005-0650, Gjáhellu 10, Hafnarfirði

Fyrirtæki sem uppfylla ekki kröfur um húsnæði;
 JJ bílar ehf. kt.530423-0260, Dalvegur 24, Kópavogi
 Kris Service ehf. kt.470222-1230, Dalvegur 24, Kópavogi
 ST bílar ehf. kt.500921-0640, Dalvegur 24, Kópavogi
 Bónstöð Kópavogs ehf. kt.670319-2290, Dalvegur 24, Kópavogi
 Detail King Iceland ehf. kt.080482-2219, Dalvegur 26, Kópavogi
 Adams motors ehf. kt.630321-2550, Dalvegur 26, Kópavogi
 SV dekk ehf. kt.520319-0850, Dalvegur 26, Kópavogi
 N2K garage ehf. kt.600622-0210, Dalvegur 26, Kópavogi

Heilbrigðisnefnd staðfestir heimild heilbrigðiseftirlits til ofangreindra þvingunarúrræða gagnvart þeim fyrirtækjum sem talin eru upp hér að ofan.

13. Dagskrárliður: Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlitsins 28. maí 2025
 Fundargerð afgreiðslufundar 28. maí sl. lögð fram til kynningar og staðfestingar.

14. Dagskrárliður: Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlitsins 4. júní 2025
 Fundargerð afgreiðslufundar 4. júní sl. lögð fram til kynningar og staðfestingar.

15. Dagskrárliður: Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlitsins 11. júní 2025
 Fundargerð afgreiðslufundar 11. júní sl. lögð fram til kynningar og staðfestingar.

16. Dagskrárliður: Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlitsins 18. júní 2025
 Fundargerð afgreiðslufundar 18. júní sl. lögð fram til kynningar og staðfestingar.

[Handwritten signatures and initials in blue ink]


17. Dagskrárliður: Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlitsins 25. júní 2025
Fundargerð afgreiðslufundar 25. júní sl. lögð fram til kynningar og staðfestingar.

18. Dagskrárliður: Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlitsins 2. júlí 2025
Fundargerð afgreiðslufundar 2. júlí sl. lögð fram til kynningar og staðfestingar.

Undirskrift fundargerðar



Svanur Karl Grjetarsson formaður



Linda Hrönn Þórisdóttir aðalmaður



Ingibjörg Hauksdóttir aðalmaður



Bjarni Ingimarsson aðalmaður

Hannes Tryggvi Hafstein aðalmaður



Gnýr Guðmundsson aðalmaður

60. Afgreiðslufundur HEF

Dagsetning: 28.5.2025

Boðaðir:

Fundartími: 08:30 – 09:30

Dröfn Friðriksdóttir; Einar Oddsson; Tore Skjenstad; Ríkharður F. Friðriksson; Anna Birna Björnsdóttir; Árni Davíðsson; Sigrún Hrönn Halldórsdóttir; Pétur Halldórsson; Sigríður Perla Thorsteinsson; Ingibjörg Þorleifsdóttir; Halla Guðmundsdóttir; Hildur Kristinsdóttir; Karitas Róbertsdóttir

Fundarstjóri:

Ritari:

Hörður Þorsteinsson

Dröfn Friðriksdóttir

Dagskrá fundarins:

1. Hamraborg 11 Kópavogi - veitingastaður - starfsleyfi
2. Dalshraun 11 Hafnarfirði - bifreiðaverkstæði - skráning
3. Smiðjuvegur 12 Kópavogi - blöndun og þökkun efnavöru - starfsleyfi
4. Flatahraun 21 Hafnarfirði - söluturn - starfsleyfi
5. Flatahraun 21 Hafnarfirði - söluturn - tóbaksleyfi
6. Háholt 11 Mosfellsbæ - veitingastofa - starfsleyfi
7. Hlíðasmári 3 Kópavogi - matsölustaður - starfsleyfi
8. Hringhella 6 Hafnarfirði - vinnsla málma - skráning
9. Strandgata 75 Hafnarfirði - Veitingaleyfi - umsögn
10. Hamraborg 11 Kópavogi - Veitingaleyfi - umsögn
11. Hamrabrekka 15 Mosfellsbæ - gistileyfi - umsögn
12. Suðurhraun 12a Hafnarfirði - dreifing matvæla - starfsleyfi
13. Smiðjuvegur 2 Kópavogi - hárgreiðslustofa - skráning
14. Efstihjalli 4 Kópavogi - daggæsla - starfsleyfi
15. Jörfavegur við Breiðabólstjörn Garðabæ - tækifærisleyfi - umsögn
16. Smiðjuvegur 1 Kópavogi - samkomusalur - starfsleyfi
17. Ásvellir 1 Hafnarfirði - tækifærisleyfi - umsögn

1. Hamraborg 11 Kópavogi - veitingastaður - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Vignis Sigur f.h. Cafe Catalína ehf., kt. 420913-0520 dags. 15.05.2025 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir veitingastað að Hamraborg 11 Kópavogi. Fasteignanr. F2061448, F2061440. Eigendaskipti. Eftirlitsskýrsla dags. 22.05.2025.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

2. Dalshraun 11 Hafnarfirði - bifreiðaverkstæði - skráning

Lögð fram umsókn Krzysztof Jan Kaczynski f.h. KRISS Bílapjónusta ehf., kt. 560425-2280 dags.12.05.2025 þar sem sótt er um skráningu fyrir bifreiðaverkstæði að Dalshrauni 11 Hafnarfirði. Fasteignanr. F2074324. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 21.05.2025.Bréf sent byggingarfulltrúa dags.20.05.2025 jákvætt svar 21.05.2025.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er skráning samþykkt.

3. Smiðjuvegur 12 Kópavogi - blöndun og pökkun efnavöru - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Jóns Eðvalds Halldórssonar f.h. Hreinlætislausnir Áfangar ehf., kt. 690496-2169 dags. 30.04.2025, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir blöndun og pökkun efnavara að Smiðjuvegi 12 Kópavogi. Fasteignanúmer F2065311. Eigendaskipti. Eftirlitsskýrsla dags. 27.05.2025.

Með vísun til ákvæða hollustu- og mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

4. Flatahraun 21 Hafnarfirði - söluturn - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Jökuls Jónssonar f.h. Pólóborg ehf., kt. 591017-0630, dags. 21.04.2025 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir söluturn að Flatahrauni 21 Hafnarfirði. Eigendaskipti.

Eftirlitsskýrsla dags. 27.05.2025

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

5. Flatahraun 21 Hafnarfirði - söluturn - tóbaksleyfi

Lögð fram umsókn Jökuls Jónssonar f.h. Pólóborg ehf., kt. 591017-0630, dags. 21.04.2025 þar sem sótt er um nýtt tóbaksleyfi fyrir söluturn að Flatahrauni 21 Hafnarfirði. Eigendaskipti.

Eftirlitsskýrsla dags. 28.05.2025

Tóbaksleyfi samþykkt til 4 ára.

6. Háholt 11 Mosfellsbæ - veitingastofa - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Vilhjalms Sveins Magnússonar f.h. Stjarnan ehf/ Subway., kt. 410949-0169 dags. 03.04.2025 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir veitingastofu að Háholti 11 Mosfellsbæ. Fastanr. F2267757. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 22.05.2025.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

7. Hlíðasmári 3 Kópavogi - matsölustaður - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Viktors Arnar Andréssonar f.h. Nevada ehf., kt. 580123-1120 dags. 25.03.2025 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir matsölustað/mötuneyti að Hlíðasmára 3. Kópavogi. Eigendaskipti.

Eftirlitsskýrsla dags. 28.3.2025.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

8. Hringhella 6 Hafnarfirði - vinnsla málma - skráning

Lögð fram umsókn Rúnars Jóns Einarssonar f.h. Öryggisgirðingar ehf., kt. 450503-3390 dags. 20.03.2025, þar sem sótt er um skráningu fyrir vinnslu málma að Hringhelli 6 Hafnarfirði. Fasteignanúmer F2077759. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 26.03.2025. Bréf sent byggingarfulltrúa dags. 26.03.2025. Jákvætt svar dags. 27.03.2025.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er skráning samþykkt.

9. Strandgata 75 Hafnarfirði - Veitingaleyfi - umsögn

